

Borgarráð

### ***Lokaskýrsla starfshóps um Elliðaárdal***

Á fundi borgarráðs Reykjavíkurborgar 26. mars 2015 var stofnaður starfshópur um sjálfbæran Elliðaárdal. Starfshópnum var skipað það hlutverk að gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi og fjármögun á umhirðu og rekstri dalsins m.a. í ljósi stofnunar Borgargarðs í Elliðaárdals og breyttrar stefnu Orkuveitu Reykjavíkur varðandi rekstur Elliðaárvirkjunar og orkuminja í dalnum. Þá var sérstaklega horft til þess að hópurinn markaði skýra framtíðarsýn Toppstöðvarinnar og skoðaði fýsileika þess að endurvirkja Elliðaárvirkjun með sjálfbæra raforkuframleiðslu að markmiði þar sem tekjurnar verði notaðar fyrir rekstur dalsins og Toppstöðvarinnar.

Lokaskýrsla starfshóps um sjálfbæran Elliðaárdal er hér með lögð fram í borgarráði til kynningar. Starfshópurinn leggur til að tillögum hans verði vísað til umræðu og samþykktar í borgarstjórn og að því loknu til meðferðar viðkomandi sviða og skrifstofa.

f.h. starfshópsins

Sigurður Björn Blöndal, formaður

